



## Akraneskaupstaður

### REGLUR UM STYRKI TIL GREIÐSLU FASTEIGNASKATTS TIL AÐILA SKV. 2. MGR. 5. GR. LAGA UM TEKJUSTOFNA SVEITARFÉLAGA NR. 4/1995

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 2. gr.

Rétt til styrks eiga aðilar sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Eru fasteignaeigendur á Akranesi.
- b) Reka starfsemi sína í húsnæðinu sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr.
- c) Starfsemin skal vera á sviði menningar, íþrótt, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstarfa.
- d) Um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu að vera unnin í sjálfboðavinnu og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannheill og samfélagið.
- e) Njóti starfsemin annarra rekstrarstyrkja frá Akraneskaupstað eða ígildi þeirra, skal tekið tillit til þess við úthlutun styrkja til greiðslu fasteignaskatts.
- f) Starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun, sbr. þó 3. gr. reglna þessara.

#### 3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að 78 % af álögðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði og skal þá leggja og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

Veittur styrkur skal færður til lækkunar á fasteignagjöldum umsækjanda.

**4. gr.**

Bæjarráð Akraneskaupstaðar í umboði bæjarstjórnar afgreiðir umsóknir samkvæmt reglum þessum og gilda reglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um málsmeðferðina.

**5. gr.**

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem liggja frammi í þjónustuveri Akraneskaupstaðar. Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, og lög félagsins eða samþykktir, þar sem það á við, þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

**Samþykkt á fundi bæjarráðs 14. ágúst 2014**

**Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 26. ágúst 2014**

Akranesi, 27. ágúst 2014

  
Regína Ásvaldsdóttir,  
bæjarstjóri